



Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ

1.gr

Af skráðum hundum og köttum í Vestmannaeyjabæ skal sveitarfélagið innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ. xxx/2026.

Gjöld skulu taka mið af kostnaði sveitarfélagsins vegna skráningar, eftirlits, ábyrgðartryggingar dýrs, framkvæmdar samþykktarinnar og annarrar þjónustu sem tengist hunda- og kattahaldi líkt og lög kveða á um.

2.gr

Við umsókn um skráningu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

a) Skráningargjald 14.000 kr

Við umsókn um skráningu katta skal innheimta gjald sem hér segir:

a) Skráningargjald 5.000 kr

3.gr

Af skráðum hundum og köttum skal innheimta árlegt gjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund: 11.000 krónur

Fyrir hvern kött: 5.000 krónur

Ekki skal innheimta árgjald sama ár og dýr er skráð.

4.gr

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending: kr. 12.000,-

Önnur afhending(innan tveggja mánaða) kr. 18.500,-

Þriðja afhending(innan tveggja mánaða) kr. 37.000,-

Við afhendingu handsamaðs kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending: kr. 6.000,-

Önnur afhending(innan tveggja mánaða) kr. 9.000,-

Þriðja afhending(innan tveggja mánaða) kr. 12.000,-

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5.gr

Gjalddagi skráningargjalda er 1. febrúar og eindagi 28. febrúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Hafi leyfi ekki verið greitt á eindaga fellur það úr gildi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu dýrs ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6.gr

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu leyfisgjalds enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi. Þeir eru hins vegar skráningarskyldir og þarf að greiða af þeim skráningargjald.

Heimilt er að veita allt að 30% afslátt af árlegu gjaldi hafi viðkomandi umráðamaður hunds sótt viðurkennt námskeið um hundahald. Slíkur afsláttur tekur þá gildi ári eftir að hundur er skráður og gögnum um námið er skilað.

7.gr

Ofangreind gjaldskrá Vestmannaeyjabæjar staðfestist hér með samkvæmt 25.gr laga nr.7/1998 með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjum nr. xxx/2026 og öðlast gildi þegar við birtingu.

Vestmannaeyjum 18. ágúst 2026

Brynjar Ólafsson

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs